

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Listir - menning 203 Kennsluáætlun vor 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari

Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is, viðtalstími: fimmtud. 12:50-13:30

Áfangalýsing

Nemandinn kynnir sér menningarumhverfi eigin samtíma. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeirri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífinu og metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna með því að tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

Markmið

Að nemandinn...

- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- geti tekið virkan þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- geti greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- geti fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi
- geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- geti rætt fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun

Námslýsing

Fjallað er um efnið með fyrirlestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur vinna verkefni sem einstaklingar og/eða í hópum. Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum. Verkefnavinna, gestafyrirlestrar og ýmislegt það sem vekur athygli nemenda og kennara og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tímum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnin. Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi umræðu og því nauðsynlegt að við sýnum hvert öðru virðingu og séum virk.

Úrklippubók

Nemandinn býr til úrklippubók þar sem hann safnar saman jafn óðum ýmsu menningartengdu efni úr fjölmiðlum og víðar sem vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kys. Nemandinn getur unnið á myndrænan hátt, gert klippimyndir eða bara límt inn aðgangsmiða, nammibréf eða hvað sem honum finnst sýna samtímann. Eigin þælingar um listir og menningu okkar tíma. Hvernig

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Listir - menning 203 Kennsluáætlun vor 2013	

birtast listir og menning í ykkar lífi? Hvaða myndir horfið þið á? Hvað finnst ykkur merkilegt, skemmtilegt, asnalegt, fyndið, hættulegt o.s.frv?

Í úrklippubókina vinna nemendur einnig ákveðin viðfangsefni sem kennari setur fyrir. Hver nemandi hannar sína bók á persónulegan hátt. Hún má vera í rafrænu formi.

Innkaup Úrklippubók og leikhúsmiði.

Námsmat

Metin er þáttaka nemanda, virkni, vinnuframlag, frumkvæði og sjálfstæð hugsun.

4 skrifleg verkefni 40/45%

Úrklippubók og tímaverkefni 30/35%

Virkni, þátttaka í atburðum og umræðum, ástundun 20%

Mæting 5%

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda.

Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar



...hvernig lítur hann eiginlega út þessi nútími...
...er hann eitthvað öðruvísi en aðrir nútímar...

Gangi ykkur vel

Dagsetning:
